

## Samningur um sáttamiðlun

### 1. Aðilar, sáttamiðlari og ágreiningsefni

1.1	Aðilar:	Nafn	kt.
		Nafn	kt.
1.2	Sáttamiðlari:	Nafn	kt.
1.3	Ágreiningsefni:		

### 2. Meginreglur um sáttamiðlun

- Sáttamiðlun er málsmeðferð, þar sem sáttamiðlari, sem ráðinn er, leiðir ferlið og aðstoðar þá við að finna sjálfir lausn á ágreiningi sínum og ná samkomulagi.
- Aðilar ganga til sáttamiðlunar af fúsum og frjálsum vilja og bera sjálfir ábyrgð á niðurstöðu hennar. Aðilar, eða sáttamiðlara, er ávallt heimilt að slíta sáttamiðluninni.
- Sáttamiðlari skal vera hlutlaus og sjálfstæður. Honum ber að stuðla að jafnræði með aðilum, og sýna þeim virðingu.
- Sáttamiðlari staðfestir með undirritun sinni að hann er óháður aðilum í sáttamiðlun þessari.

### 3. Trúnaður

- Allir þátttakendur eru bundnir trúnaði um allt það sem fram kemur í sáttamiðluninni. Enginn má láta öðrum í té trúnaðarupplýsingar, sem fram koma á sáttafundum og ekki eru komnar frá honum sjálfum, nema slík upplýsingagjöf byggist á lögum. Þetta gildir einnig í málaferlum sem síðar kann að koma til.
- Framvinda sáttamiðlunar er hvorki skrásett né skýrsla gerð.

### 4. Ferli sáttamiðlunar

- Sáttamiðlun hefst á því að aðilar og sáttamaður undirrita þennan samning.
- Sáttamiðlarinn skipuleggur feril sáttamiðlunar í samráði við aðila.
- Sáttamiðlari stýrir sáttafundi.
- Aðilum er ekki heimilt að hafa ráðgjafa eða aðra á sáttafundum nema með samþykki beggja aðila og sáttamiðlara. Sáttamiðlari kannar, fyrir upphaf sáttamiðlunar, hvort aðilar óska mæta með ráðgjafa eða stuðningsaðila og lætur gagnaðila vita af því. Meðan sáttamiðlun stendur hafa aðilar rétt til að ráðfæra sig við ráðgjafa, hvort sem þeir eru á staðnum eða ekki.
- Sáttamiðlari leitast við að upplýsa hvers eðlis ágreiningur aðila er, hverjir hagsmunir þeirra og þarfir eru og aðstoðar aðila við að koma sjálfir með tillögur að lausn ágreiningsins.
- Sáttamiðlari getur haldið sameiginlegan fund með aðilum, eða einkafundi með hverjum fyrir sig. Þegar einkafundir eru haldnir er sérstaklega samið um og ákveðið, hvaða upplýsingar sáttamiðlara er heimilt að bera á milli aðila.
- Aðilum er ljóst, að sáttamiðlara ber ekki skylda til að grípa inn í, ef aðilar finna lausn á deilu sinni, sem er frábrugðin því, sem líklegt er, að yrði niðurstaða dómstóls eða stjórnvalds. Einnig, að sáttamiðlara er ekki skylt að tjá sig um sterka og veika þætti í málflytningi aðila.
- Aðilar hafa kynnt sér siðareglur sáttamiðlara sem eru fylgiskjal með samningi þessum.
- Sáttamiðlun lýkur annaðhvort með því, að aðilar semja um lausn á ágreiningi sínum, eða aðili eða sáttamiðlari óskar eftir að slíta sáttamiðluninni.

### 5. Þóknun sáttamiðlara og kostnaður við sáttamiðlun

- Aðilar skipta með sér til helminga greiðslu á þóknun sáttamiðlara og kostnaði í tengslum við sáttamiðlunina, nema um annað sé sérstaklega samið. Umsamin þóknun og kostnaður er í samræmi við fylgiskjal með samningi þessum.

### 6. Annað – sérstaklega um samið

Staður og dagsetning

Aðili

Aðili

Sáttamiðlari